

Ef ósamræmi er á milli merkinga þýddra útgáfa af þessum texta, þá ræður merking ensku útgáfunnar.

NOTKUNARLEIÐBEININGAR

Velkomin í TEMPUR®

Þakka þér og til hamingju með að hafa valið TEMPUR®. Þessi handbók inniheldur allt sem þú þarft að vita til að sjá um og fá sem mest út úr TEMPUR® vörunni þinni.

Til að fá frekari upplýsingar um vöruna vinsamlegast farðu á www.tempur.com

Við afhendingu dýnunnar

Við flutning geta dýnuhlífar stærri eininga eins og dýnur færst úr upprunalegri stöðu. Þegar umbúðir hafa verið fjarlægðar og þú hefur sett TEMPUR® vöruna þína á réttan stað skaltu gefa TEMPUR® svampefninu smá tíma til að hitna við umhverfishita. Þá er einfaldlega hægt að laga og slétta úr dýnuhlífinni og koma henni aftur á sinn stað með höndunum.

Ef þú hefur keypt þjappaða TEMPUR® EASE dýnu EÐA TEMPUR® yfirdýnu

MIKILVÆGT: Þjappaðar TEMPUR® EASE dýnur skulu teknar upp eigi síðar en 6 mánuðum eftir framleiðsludag. Þegar þú færð TEMPUR® EASE dýnuna þína skaltu athuga framleiðsludagsetninguna á öskjunni og ganga úr skugga um að taka hana úr umbúðunum innan tilskilins upptökutíma. Þú getur notað TEMPUR® EASE dýnuna þína strax eftir að þú hefur tekið hana úr umbúðunum. Það geta liðið allt að 72 klukkustundir (3 dagar) áður en TEMPUR® EASE dýnan þín hefur endurheimt upprunalega lögun og hæð.

Yfirdýnur sem er rúllað upp í umbúðir taka nokkurn tíma að endurheimta upprunalegt form eftir að búið er að taka þær úr umbúðunum. Þú getur notað yfirdýnuna þína strax eftir að hafa tekið hana úr umbúðunum.

Búast má við krumpum á hlífinni en þær hverfa þegar dýnan/yfirdýnan nær upprunalegri lögun á ný. Í sumum tilfellum gætir þú þurft að þvo hlífina til að fjarlægja krumpurnar.

- Fylgdu alltaf þvottaleiðbeiningunum á merkimiðanum sem er staðsettur innan í dýnuhlífina.

Þessi „nýja vöru“ lykt

Sumir taka eftir smá lykt af nýju TEMPUR® vörunni þegar hún hefur verið tekin upp. Þetta er algjörlega skaðlaust og hverfur eftir stutta notkun. Leyfðu vörunni að lofta eða „anda“, helst umbúðalaus á vel loftræstu svæði fyrir og eftir notkun til að flýta fyrir þessu ferli.

Um svampefnið í TEMPUR®

Svampefnið í TEMPUR® er álagslosandi yfirborð, hannað með seigfjaðrandi opinni hólfabyggingu sem gleypir og dreifir þyngd líkamans jafnt fyrir hámarksþægindi. Hitastignæmu eiginleikarnir mýkja, þjappa og samræmast einstakri lögun og þyngd líkamans við meðalstofuhita fyrir persónumiðaðan stuðning. Hátt stig þéttleika í svampefni TEMPUR® tryggir hámarks víddarstöðugleika og þægindi. TEMPUR® svampefnið bregst við hitaáhrifum líkamans. Seigfjöðrunin í svampefninu tryggir að TEMPUR® fari aftur í upprunalegt form eftir þjöppun, með ákveðinni innbyggðri töf. Þessi seinkun er breytileg eftir mismunandi hitastigi. Þú getur búið við stinnari tilfinningu við kaldari aðstæður, 18°C eða minna og því hærra sem hitastigið er því mýkri finnst þér TEMPUR® vera.

Að venjast viðkomunni

Ef fyrri dýnan þín eða koddinn notaði hefðbundnari stuðningsaðferðir eins og gorma, fjaðrir og/eða trefjar, er líklegt að þér finnst TEMPUR® vörunnar þínar öðruvísi í upphafi. Einstakir álagslosandi

eiginleikar gera það að verkum að TEMPUR® svampefnið getur tekið líkamann nokkurn tíma að aðlagast og venjast.

Tími til að venjast

TEMPUR® DÝNA (á ekki við um þjappaðar TEMPUR® EASE dýnur)

Því meiri tíma sem þú eyðir á eða í rúminu: að hvíla þig, lesa eða horfa á sjónvarpið, því betra. Aukahreyfingin mun hjálpa hólfunum í TEMPUR® svampefninu að opnast. Þegar þau opnast „anda“ hólfir og bregðast hraðar við þyngd og hitastigi, en fara svo aftur í upprunalegt form. Notandanum kann að líða eins og dýnan sé að verða mýkri, en í raun er engin breyting á álagslosandi eiginleikum vörunnar.

Engin þörf á að snúa við

Framfarir í TEMPUR® tækni hafa leitt til þess að viðhaldi er haldið í lágmarki. Hver dýnutegund er uppbyggð af mörgum lögum, þannig að þú sefur aðeins á hliðinni sem á að snúa upp.

Til að lengja endingartíma vöru okkar geturðu af og til snúið dýnunni þinni frá hvirfli til fóta.

TEMPUR® KODDAR
















- Á fyrstu 2-3 vikum eignarhalds getur það hjálpað að nota koddann sem púða á daginn til að bæta stuðninginn og álagslosandi ávinning sem þú færð þegar þú ert sofandi.
- Hristið og nuddið koddann til að koma fyllingunni jafnt á sinn stað eftir notkun (fyrir púða fyllta með TEMPUR® svampögnum).
- EASE koddar sem eru pakkaðir í umbúðaplast verða að fá nokkurn tíma til að endurheimta lögum sína eftir að þeir hafa verið teknir úr umbúðunum.

Tilfærsla, flutningur, geymsla og förgun

- Nema annað sé tekið fram ætti **EKKI** að beygja TEMPUR® vörur eða þrýsta þeim úr upprunalegri lögum, þar sem þú átt á hættu að skemma svampefnið og tapa öllum eiginleikum og ávinningi sem þær hafa í för með sér.
- Vegna eðlis svampefnisins í TEMPUR® vörum getur það þjappast aðeins saman við flutning eða geymslu. Það er gert ráð fyrir þessu, varan mun fara aftur í eðlilega stærð eftir stuttan tíma við stofuhita.
- Ekki rúlla upp TEMPUR® yfirdýnu þegar það er kalt, þar sem þú átt á hættu að það komi rifur eða sprungur í svampefnið. Leyfðu TEMPUR® yfirdýnunum að aðlagast við stofuhita áður en þeim er rúllað út.
- TEMPUR® vörur á að geyma í upprunalegri lögum. Undanþeginn þessu er TEMPUR® Travel koddinn, sem hægt er að flytja upprúllaðann í meðfylgjandi poka (pokann ætti **aðeins** að nota á ferðalögum til að forðast varanlega aflögum koddans).
- TEMPUR® dýnur verður að geyma flatar, helst í upprunalegum umbúðum (ekki er hægt að endurnýta umbúðir fyrir þjappaðar TEMPUR® EASE dýnur).
- Ekki má þjappa aftur saman afþjöppuðum TEMPUR® EASE dýnum til að setja í geymslu.
- TEMPUR® yfirdýnur má geyma annað hvort upprúllaða eða flata.
- TEMPUR® vörur verður að geyma í þurru umhverfi (við hámark 65% rakastig).
- Við förgun á notaðri vöru skaltu vinsamlegast hafa samband við sveitarfélög í þínu landi.

Tákn

Eftirfarandi tákn eru notuð á vöru, umbúðir eða í þessari handbók.

 Framleiðandi	 Dagsetning framleiðslu	 Lotunúmer	 CE merkt sem lækningatæki í flokki I í samræmi við kröfur MDR (ESB) 2017/745
 Lækningatæki	 ↑UP Lega vöru er prentuð á innsta hluta svampdýnu	 Skoðaðu notkunarleiðbeiningar	 Hluturinn er gerður með lími sem inniheldur náttúrulegt gúmmí latex
 Forðist opinn eld	 Rakamörk	 Haldið þurru	 Ráðlögð hámarksþyngd notenda
 DD-MM-YYYY Dýnu/kodda þarf að taka upp eigi síðar en 6 mánuðum eftir framleiðsludag sem prentaður er á öskjuna/umbúðirnar	 Viðvaranir og varúðarráðstafanir	 Triman lógó fyrir rétta förgun, aðeins viðeigandi fyrir Frakkland.	

CE merking

Margar TEMPUR® vörur eru flokkaðar sem lækningatæki í flokki I og CE merktar í samræmi við MDR (ESB) 2017/745.

Fyrirhuguð notkun CE-merktra vara er að koma í veg fyrir eða draga úr hættu að þróa með sér legusár hjá fullorðnum. Þessi áhrif fást með álagsdreifandi eiginleikum TEMPUR® svampefnisins.

CE merktar vörur eru ætlaðar til heimahjúkrunar. Mikilvægt er að þeir sem geta ekki hreyft sig sjálfir séu færðir til reglulega.

Vinsamlegast athugaðu vörumerkið sem er sett innan í dýnuhlífina til að sjá hvort varan sem þú hefur keypt sé CE merkt. Fyrir dýnur þar sem hægt er að renna topphlífinni af til að auðvelda þrif er CE-merkið staðsett í topphlífinni.

CE merktar TEMPUR® dýnur og yfirdýnur henta fyrir þyngd allt að 150 kg.



Ef alvarlegt atvik kemur upp með vöruna, skal upplýsa framleiðanda og lögbært yfirvald í heimalandi notanda.


Til að tilkynna atvik til framleiðanda vinsamlega tilkynnið sem kvörtun vegna ábyrgðar með því að fylgja leiðbeiningunum sem tilgreindar eru í „ábyrgðarhlutanum“ í þessari handbók.


Vinsamlegast athugaðu viðbótar notkunarleiðbeiningar

Viðvaranir og varúðarráðstafanir


Eftirfarandi tákni og texti verða notuð til að vekja athygli þína á hugsanlega hættulegum og óæskilegum aðstæðum. Vinsamlegast hafðu í huga að ef ekki er farið að þessum leiðbeiningum getur það valdið alvarlegum meiðslum eða skemmdum á vörunni.


	VIÐVÖRUN	Verið meðvituð um aðstæður eða venjur sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum
	VARÚÐ	Verið meðvituð um aðstæður eða venjur sem geta valdið miðlungs eða minniháttar meiðslum
	MIKILVÆGT	Verið meðvituð um aðstæður eða venjur sem gætu leitt til skemmda á vörunni eða öðrum eignum


 **Viðvörðun:** Ekki skilja ungar börn, ung börn eða aldraða eftir eftirlitslaus á dýnunni eða koddanum ef þau geta ekki velt sér sjálf.


 **Viðvörðun:** Mikilvægt er að þeir sem geta ekki hreyft sig sjálfir séu færðir til reglulega.

Kæruleysi orsakar eldsvoða – við mælum eindregið með því að reykja ekki í rúminu eða á meðan vörunnar eru notaðar.

 **Viðvörðun:** Eldhætta: Haltu vörum frá opnum eldi

 **Varúð.** Ef þú hefur keypt dýnu sem lækningatæki til að koma í veg fyrir legusár og þar sem hægt er að renna topphlífinni af til þess að þrifa auðveldlega: Vinsamlegast hafðu í huga að ef þú skiptir um topphlífina er dýnan ekki lengur lækningatæki til að koma í veg fyrir legusár.

 **Varúð:** Ekki nota púða á TEMPUR® dýnur eða yfirdýnur þar sem þær geta dregið úr álagslosandi eiginleikum. Til að tryggja sem besta stuðning mælum við með því að setja lak beint á dýnuna

 **Varúð:** Vinsamlegast athugið að TEMPUR® svampefni virkar best til að bregðast við náttúrulegu hitastigi notandans, því er **ekki mælt með** rafmagnsteppi og/eða hitapoka. Hitinn frá rafmagnsteppi mun tímabundið vega upp á móti hitanæminu í TEMPUR® svampefninu. Hins vegar, ef notandinn vill samt frekar nota rafmagnsteppi, mælum við með því að gera það á sérstöku laka og forðast beina snertingu við TEMPUR® svampefnið.

- **MIKILVÆGT:** Fylgdu alltaf notkunarleiðbeiningum frá birgðasala rafmagnsteppisins.
- **MIKILVÆGT:** Ef hitapokinn myndi leka sem bleytir, blettur eða skemmir dýnuna mun það **ógilda ábyrgðina**.

MIKILVÆGT:

- TEMPUR® dýnur skulu alltaf vera á loftræstri undirstöðu, t.d. gormum eða rimlum til að koma í veg fyrir að raki safnist fyrir í dýnunni.
- Ekki nota TEMPUR® kotta með blautt hár þar sem efni svampsins skemmist.
- Fyrir kotta fyllta með TEMPUR® svampögnum og/eða dúni; hristið og nuddið koddann til að fyllingin fari jafnt aftur á sinn stað eftir notkun eða geymslu.

- Ekki rúlla upp TEMPUR® yfirdýnu þegar það er kalt, þar sem þú átt á hættu að það komi rifur eða sprungur í svampefnið. Leyfðu TEMPUR® yfirdýnunum að aðlagast við stofuhita áður en þeim er rúllað út.
- TEMPUR® yfirdýnur þarf alltaf að setja ofan á dýnu.
- Ekki brjóta saman, beygja eða þrýsta TEMPUR® vörurni í ákveðna lögun þar sem hætta er á að skemma efni svampsins
- Ekki breyta eða gera við vöruna þína - það mun ógilda ábyrgð þína.

Þrif og viðhald

- Flestar hlífar má taka af og þvo. Vinsamlega fylgdu sérstökum leiðbeiningum um hreinsun fyrir vöruna þína sem eru á vörumerkinu innan í hlífinni.
- Sérstakar dýnuhlífar sem innihalda TEMPUR® svampefni sem ekki er hægt að þvo eða setja í hreinsun, er auðvelt að fjarlægja til að lofta og bursta.
- Við mælum ekki með að nota ryksugu á dýnuhlífarnar þar sem það getur skemmt þær.

Dýnuhlífar eru vatteraðar með TEMPUR® **þvottheldu** efni:

- Má þvo og þurrka í þurrkara, hengja upp eða leggja niður til að þurrka. Athugaðu vörumerkið inni í dýnuhlífinni til að sjá hvort það megi þvo hana.
- **MIKILVÆGT:** TEMPUR® þvotthelda efnið er þungt þegar það er blautt, vinsamlegast fylgdu leiðbeiningunum hér að neðan vandlega:

Breidd hlífar (cm)	Geta fyrir þvottavél/þurrkara
Allt að 95 cm	6 kg
Allt að 105 cm	7 kg
Allt að 120 cm	8 kg
Yfir 120 cm	þarf að fara með í hreinsun í efnalaug

- **MIKILVÆGT:** Hlífar verða að vera alveg þurrar fyrir notkun eða geymslu. Ábending: Vigið hlífina fyrir þvott. Þurrkaðu hlífina þar til hún er við sömu þyngd og fyrir þvott. Þá veistu að hlífin er alveg þurr.

TEMPUR® Down Luxe koddí:

MIKILVÆGT:

- **Fjarlægðu svamppoka með TEMPUR® svampögnum áður en dúnkoddaverið er þvegið.**
- Notaðu ensímlaust þvottaefni fyrir dúnkoddaverið og þurrkaðu í þurrkara með nokkrum þurrkaraboltum (eða hreinum tennisboltum) til að koma í veg fyrir að dúnn fari í kekki og til að tryggja að dúnn þorni jafnt.
- **Ekki nota** mýkingarefni á dúnkoddaverið.
- Dýnuhlífar verða að vera alveg þurrar fyrir notkun eða geymslu.
- Ábending: Vigtaðu Down Luxe koddaverið (án svamppokans) fyrir þvott. Þurrkaðu verið í þurrkara eftir þvott þar til það hefur náð sömu þyngd og fyrir þvott. Þá veistu að dúnkoddaverið er alveg þurr.

MIKILVÆGT:

- Ekki þvo TEMPUR® svampefnið
Undanþeginn þessu eru TEMPUR® EasyClean koddinn og TEMPUR® PureClean koddinn sem hægt er að þvo (fylgið sérstökum hreinsunarleiðbeiningum á vörumerkinu innan í dýnuhlífinni).
Undanþegin þessu eru einnig hlífar með TEMPUR® þvottheldu efni - fylgdu sérstökum hreinsunarleiðbeiningum á vörumerkinu og í þessum leiðbeiningum.
- Ekki setja TEMPUR® svampefni í hreinsun eða gufuhreinsa það.

MIKILVÆGT

- TEMPUR® vörurnar verða að vera reglulega loftræstar til að fjarlægja raka.



Varúð: Eftir þvott á dýnuhlífinni skaltu vinsamlegast ganga úr skugga um að skipt sé um dúnhlíf á dýnu í samræmi við þá legu sem prentuð er á hlið innsta hluta dýnunnar. TEMPUR® svampefni sem veitir hámarksþægindi og álagsminnkun er aðeins á efsta hluta kjarnans.



Varúð: Eftir að hafa þvegið dýnuhlífarnar á sætum eða púðum með svamplögun, skaltu vinsamlegast hafa í huga hvernig kjarni svampsins snýr þegar verið er að setja vörur saman aftur. TEMPUR® svampefni sem veitir hámarksþægindi og álagsminnkun er aðeins á efsta hluta kjarnans.

Tæknilegar upplýsingar um vöru

- Ákveðnar TEMPUR® vörur eru með stamri húðun að neðan. Þessi húðun tryggir að varan renni ekki til þegar hún er í notkun.
- TEMPUR® vörurnar eru fánlegar í mörgum mismunandi stærðum. Vöruþyngd fer eftir vörustærð. Nánari upplýsingar eru fánlegar sé þess óskað.
- Innihaldsefni í dýnuhlífum – sjá vörumerki sem er innan í dýnuhlífinni.

Latex

Ákveðnar TEMPUR® vörur eru framleiddar úr lögum af svampi með TEMPUR® svampefninu ofan á og með lími sem inniheldur latex á milli laga.

Vinsamlegast athugaðu vörumerkið sem er sett innan í dýnuhlífina til að sjá hvort varan sem þú hefur keypt innihaldi latex.

TEMPUR® svampefnið og dýnuhlífin innihalda ekki latex.

Brunaöryggisstaðlar

Viðvörðun: Eldhætta: Haltu vörum frá opnum eldi

TEMPUR® vara	Brunavarnir
Dýnur, yfirdýnur	EN 597-1 (Sígarettupróf)
Dýnur, yfirdýnur (eldtefjandi útgáfur)	BS 7177 Low Hazard DS/EN 597-1 (sígarettupróf) DS/EN 597-2 (Samsvörunarpróf) BS 5852 (Crib V) á svampi
Koddar, púðar og staðsetningarvörur (mótuð og kornuð fylling)	EN/ISO 12952-1 (Sígarettupróf)
Koddar, púðar og staðsetningarvörur, mótuð (eldvarnarútgáfur)	BS7175 Low hazard EN/ISO 12952-1 (Sígarettupróf) EN/ISO 12952-2 (Samsvörunarpróf) BS 5852 (Crib V) á svampi
Koddar, púðar og staðsetningarvörur með kornaðri fyllingu (eldvarnarútgáfur)	BS7175 Low hazard EN/ISO 12952-1 (Sígarettupróf) EN/ISO 12952-2 (Samsvörunarpróf) BS 5852 (source 2) á svampi
Down Luxe koddur (eldvarnarútgáfur)	BS 5852 (source 2) á svampögnum BS 5852 (source 2) á dúni

Framleiðandi



Dan-Foam ApS

Holmelund 43

5560 Aarup

Danmörku

*Dan-Foam ApS er dótturfyrirtæki TEMPUR-Sealy
International, Inc

ÁBYRGÐ

TEMPUR® ÁBYRGÐ

Þetta skjal útlistar skilmála og útilokanir á TEMPUR® ábyrgðinni fyrir nýjar TEMPUR® vörur sem seldar eru neytendum um allan heim (að undanskildum Bandaríkjunum og Kanada).

Hver býður upp á TEMPUR® ábyrgðina?

Framleiðandi TEMPUR® dýna, yfirdýna, kotta og púða (nema í Bandaríkjunum og Kanada) er Dan-Foam ApS, fyrirtæki sem er stofnað í Danmörku undir skráningarnúmeri DK-24209709. Skráð heimilisfang skrifstofu: Holmelund 43, 5560 Aarup, Danmörku ("Framleiðandinn"). Dan-Foam ApS er dótturfyrirtæki TEMPUR-Sealy International, Inc

Hvað er tryggt?

Framleiðandinn ábyrgist að allar nýjar og ósviknar TEMPUR® vörur séu lausar við efnisgalla vegna gallaðrar framleiðslu eða efna á viðeigandi ábyrgðartímabili (sjá kafla - Hversu lengi?) nema varan sé sérstaklega undanskilin eða útilokun eigi við (sjá kafla - Útilokanir).

TEMPUR® ábyrgðin gildir fyrir vörur sem neytendur kaupa hvar sem er í heiminum (nema í Bandaríkjunum og Kanada) frá framleiðanda eða viðurkenndum söluaðila til einkanota en ekki í viðskiptum, verslun eða starfsgrein. Listi yfir viðurkennda söluaðila er tiltækur á www.tempur.com

Hvað lengi?

TEMPUR® ábyrgðin gildir fyrir tímabilið sem sýnt er á eða inni í umbúðum viðkomandi vöru eða eins og fram kemur hér að neðan, frá og með kaupdegi (nema þar sem varan er fyrrverandi sýningar- eða prufugerð, en þá hefst ábyrgðin á framleiðsludegi).

Ábyrgðartímabilið er almennt eins og fram kemur í ábyrgðartöflunni, en framleiðandinn ráðleggur þér að athuga ábyrgðarskilmálana fyrir landið þar sem þú keyptir vöruna þína upphaflega þar sem annað ábyrgðartímabil gæti átt við. Fyrir þetta skaltu heimsækja www.tempur.com

Vara: Svampkjarnar	Vöruábyrgð	Hvað er tryggt?
<ul style="list-style-type: none"> Allar TEMPUR® dýnur, nema annað sé tekið fram hér að neðan TEMPUR® yfirdýnur fyrir North og Promise rúmkerfi Allar TEMPUR® yfirdýnur, nema annað sé tekið fram hér að neðan 	10 ár	Efnisgalli vegna gallaðra úrvinnslu eða efna, eða breytinga sem valda sýnilegri skerðingu sem er meira en 2 cm í TEMPUR® efninu.
<ul style="list-style-type: none"> TEMPUR® Original (15, 19, 20, 21, 25, Deluxe 17 (aðeins með velúrhlíf), Deluxe 22, Deluxe 27, Breeze 22, Breeze 27) TEMPUR® Cloud (19,21,25, Breeze 22, Breeze 27) TEMPUR® Sensation (19,21,25, Deluxe 22, Deluxe 27, Breeze 22, Breeze 27) TEMPUR® Topper 7 TEMPUR® Experience dýna TEMPUR® Relaxation dýna 	15 ára takmörkuð ábyrgð* (sjá athugasemd hér að neðan í töflunni)	Efnisgalli vegna gallaðra úrvinnslu eða efna, eða breytinga sem valda sýnilegri skerðingu sem er meira en 2 cm í TEMPUR® efninu.
<ul style="list-style-type: none"> TEMPUR® Topper 5 TEMPUR® Futon All Seasons™ TEMPUR® Futon Deluxe (7cm) 	5 ár	Efnisgalli vegna gallaðra úrvinnslu eða efna, eða breytinga sem valda sýnilegri skerðingu sem er meira en 2 cm í TEMPUR® efninu.

<ul style="list-style-type: none"> Allar TEMPUR® Pro Futons nema annað sé tekið fram hér að neðan 		
<ul style="list-style-type: none"> TEMPUR® Topper Deluxe 3.5 TEMPUR® Topper 3.5 	3 ár	Efnisgalli vegna gallaðra úrvinnslu eða efna, eða breytinga sem valda sýnilegri skerðingu sem er meira en 2 cm í TEMPUR® efninu.
<ul style="list-style-type: none"> TEMPUR® Futon Basic (6cm) TEMPUR® Futon Simple (6cm) 	2 ár	Efnisgalli vegna gallaðra úrvinnslu eða efna, eða breytinga sem valda sýnilegri skerðingu sem er meira en 2 cm í TEMPUR® efninu.
<ul style="list-style-type: none"> Allir mótaðir TEMPUR® koddar, púðar, fleygar og aðrar TEMPUR® stuðningsvörur fyrir sitjandi og liggjandi. 	3 ár	Efnisgalli vegna gallaðra úrvinnslu eða efna, eða breytinga sem valda sýnilegri skerðingu sem er meira en 2 cm í TEMPUR® efninu.
<ul style="list-style-type: none"> Allir TEMPUR® koddar fylltir með TEMPUR® svampögnum: <ul style="list-style-type: none"> Traditional koddar Comfort koddar Ombracio koddar Long Hug koddar Down Luxe koddar PRIMA koddar ONE Hug koddar EASE Hug koddar 	3 ár	Efnisgalli vegna gallaðrar vinnu eða efnisgalla
<ul style="list-style-type: none"> TEMPUR® Hjólahnakkur TEMPUR® Svefngríma 	2 ár	Efnisgalli vegna gallaðrar vinnu eða efnisgalla.
Vara: Hlífar	Vöruábyrgð	Hvað er tryggt?
<ul style="list-style-type: none"> Trygging fyrir ALLAR vörur, nema annað sé tekið fram hér að neðan 	2 ár	Efnisgalli vegna gallaðrar vinnu eða efnisgalla.
<ul style="list-style-type: none"> Trygging fyrir TEMPUR® Futon Simple 	1 ár	Efnisgalli vegna gallaðrar vinnu eða efnisgalla.
<ul style="list-style-type: none"> Dúnhlíf fyrir TEMPUR® Down Luxe koddar: 	3 ár	Efnisgalli vegna gallaðrar vinnu eða efnisgalla.

Takmörkuð ábyrgð - Ef þú gerir gilda kröfu eftir 5 ár frá kaupdegi mun framleiðandinn útvega þér samsvarandi dýnu með fyrirvara um að þú greiðir hlutfall af verði endurnýjunardýnunnar, sjá prósentutöflu hér að neðan: Að auki geta sum lönd boðið upp á 10 ára ábyrgð á þessum vörum svo vinsamlegast skoðaðu TEMPUR® verslunina þína eða vefsíðu fyrir nánari upplýsingar.*

Ár 0 -5 – Borgar ekkert	
Ár 6 - Borgar 10% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)	Ár 11 - Borgaðu 60% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)
Ár 7 - Borgaðu 20% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)	Ár 12 - Borgaðu 70% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)
Ár 8 - Borgaðu 30% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)	Ár 13 - Borgaðu 80% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)
Ár 9 - Borgaðu 40% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)	Ár 14 - Borgaðu 90% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)
Ár 10 - Borgaðu 50% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)	Ár 15 - Borgaðu 95% af núverandi RRP (ráðlagt smásöluverð)

***Verð skiptidýnunnar er háð því verði sem birt er í verðskrá framleiðanda sem er í gildi í landinu á þeim tíma þegar krafan er gerð.*

Hvað gerum við?

Ef réttmæt krafa er gerð í samræmi við þessa TEMPUR® ábyrgð, skal framleiðandinn bjóða, að eigin vali, annað hvort að gera við gölluðu vöruna eða útvega samsvarandi vöru endurgjaldslaust.

Framleiðandinn mun endurgreiða sanngjarnan afhendingarkostnað við að skila gallaðri vöru til viðgerðar eða endurnýjunar svo framarlega sem krafan er réttmæt samkvæmt skilmálum þessarar TEMPUR® ábyrgðar og vörunni er skilað frá heimilisfangi innan sama lands og viðurkennds söluaðila sem varan var keypt af. Varan, sem annað hvort var gert við eða endurnýjuð, verður afhent án endurgjalds á heimilisfang innan sama lands og viðurkenndi söluaðilinn sem varan var keypt af. Í öllum öðrum kringumstæðum er allur afhendingarkostnaður í tengslum við viðgerðir eða skipti á ábyrgð kaupanda.

Komi til skipta skal framleiðandinn leitast við að útvega vöru úr sömu línu. Hins vegar, ef vörulínunni hefur verið hætt eða varan er ekki fáanleg á annan hátt, áskilur framleiðandinn sér rétt til að útvega vöru í staðinn sem að mati framleiðandans, er svipuð og gallaða varan.

TEMPUR® ábyrgðin veitir tryggingu frá kaupdegi (eða framleiðsludegi ef um er að ræða fyrrverandi sýningar-/prufueintak) upprunalegu vörunnar. Hún er ekki endurnýjuð með því að bjóða upp á lagfærða vöru eða endurnýjaða. Við þessar aðstæður mun TEMPUR® ábyrgðin gilda það sem eftir er af tímabilinu sem hefst frá upphaflegum kaup- eða framleiðsludegi, eftir því sem við á.

Undantekningar

TEMPUR® ábyrgðin gildir ekki ef:

- varan hefur verið keypt notuð, ekki frá fyrstu hendi eða af öðrum en viðurkenndum söluaðila eða beint frá framleiðanda. Listi yfir viðurkennda söluaðila er tiltækur á tempur.com
- ferlið við að leggja fram kröfu samkvæmt TEMPUR® ábyrgðinni (sem sett er fram undir fyrrsögninni "Hvernig leggur þú fram kröfu samkvæmt TEMPUR® ábyrgðinni?" hér að neðan) hefur ekki verið fylgt rétt eftir.
- varan hefur ekki verið notuð og/eða meðhöndluð af tilhlýðilegri aðgát og/eða í samræmi við notkunar-, hreinlætis- og viðhaldsleiðbeiningar sem lýst er í notkunarleiðbeiningum og á tempur.com
- gallar í þjöppuðum TEMPUR® EASE dýnum sem stafar af því að dýnan var ekki tekin upp í tæka tíð (skilin eftir í kassanum): þetta getur valdið því að efnið rifnar eða aflagast varanlega. Þjappaðar TEMPUR® EASE dýnur skulu teknar upp eigi síðar en 6 mánuðum eftir framleiðsludag. Athugaðu framleiðsludagsetninguna á kassanum þegar þú færð þjappaða TEMPUR® EASE dýnu þína.
- Tímabundnar krumpur á hlífinni á þjappaðri TEMPUR® EASE sem hverfa innan 72 klukkustunda eða eftir þvott á hlífinni. Vinsamlegast skoðuðu þvottaleiðbeiningarnar á miðanum innan í hlífinni.
- gallar í plastpökkuðum koddum sem stafar af því að koddinn hefur ekki verið tekinn upp í tæka tíð (skilinn eftir í plastfilmunni).
Plastpakkaðir koddar skulu teknar upp eigi síðar en 6 mánuðum frá framleiðsludegi. Athugaðu framleiðsludagsetninguna á umbúðunum.
- varan hefur verið vísitandi skemmd eða skemmdist vegna vanrækslu, í hana skorið, bruna, flóða eða annarrar óviðeigandi notkunar af þér eða þriðja aðila.
- gallinn stafar af því að varan hefur verið beygð, klemmd eða hefur verið í köldu hitastigi í nokkurn tíma sem hefur valdið því að efnið rifnar eða afmyndast varanlega.
- TEMPUR® EASE dýnan skemmdist þegar reynt var að þjappa henni aftur saman eða reynt að rúlla henni aftur upp.
- varan hefur verið blaut eða í bleyti gegn ráðleggingum framleiðanda.
- varan er mjög blettótt, óhrein og/eða óþrifaleg á annan hátt.
- vörunni hefur verið breytt eða gert við án fyrirfram leyfis framleiðanda.
- gallinn er afleiðing venjulegs slits.
- rennilásar á hlífinni á TEMPUR® vörum nema þeir séu gallaðir við móttöku vörunnar.

- fyrir dýnur (innan CE merktra vara) er gallinn eða breytingin á vörunni aðeins minniháttar breyting eða eðlileg breyting sem hefur ekki áhrif á þrýstingsdreifingareiginleika vörunnar.

Hvernig leggur þú fram kröfu samkvæmt TEMPUR® ábyrgðinni?

Til að leggja fram kröfu samkvæmt TEMPUR® ábyrgðinni verður þú að:

- hafa samband við viðurkenndan söluaðila sem þú keyptir upphaflega vöruna af („seljandi“). Ef seljandi er annað hvort ekki lengur í viðskiptum eða er ekki lengur viðurkenndur TEMPUR® söluaðili, vinsamlegast hafðu samband við framleiðandann.
- framvísaðu upprunalegum reikningi eða sölukvittun sem sönnun fyrir kaupunum.
- skila vörunni til seljanda eða framleiðanda (en aðeins ef framleiðandi hefur beðið um vöruna). Ef framleiðandinn ákveður að krafan sé réttmæt í samræmi við skilmála þessarar TEMPUR® ábyrgðar, færðu endurgreiddan hæfilegan afhendingarkostnað fyrir að skila gölluðu vörunni svo framarlega sem vörunni hefur verið skilað frá heimilisfangi í sama landi og seljandinn er staðsettur.

Ábyrgð okkar gagnvart þér

Ábyrgð framleiðandans er takmörkuð við viðgerðarkostnað og/eða skipti á vörunni samkvæmt TEMPUR® ábyrgðinni. Í samræmi við það mun framleiðandinn ekki bera ábyrgð á allri annarri ábyrgð á tjóni eða skemmdum sem stafar af kaupum, vörslu, sölu eða notkun vörunnar. Hins vegar útilokar framleiðandinn ekki eða takmarkar á nokkurn hátt ábyrgð sína á dauða eða líkamstjóni af völdum vanrækslu hans, svika eða sviksamlegrar rangfærslu.

Vörunnar eru eingöngu seldar til heimilisnota og einkanota. Framleiðandinn ber enga ábyrgð gagnvart þér vegna taps á hagnaði, viðskiptatapi, truflun á viðskiptum eða tapi á viðskiptatækifæri.

Lagalegur réttur þinn

TEMPUR® ábyrgðin hefur ekki áhrif á lögbundin réttindi neytenda samkvæmt gildandi lögum en miðar að því að auka réttindi neytandans þar sem við á.